Ed. **495. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og umsóknir þeirra manna, er frv. vill veita ríkisborgararjett, og telur ekkert því til hindrunar, að beiðni þeirra fái ábeyrn.

Það skal þó tekið fram, að öllum umsóknum erlendra manna um ríkisborgararjett hjer á landi ætti að beina jafnan til stjórnarinnar, eins og tíðkast mun annarsstaðar. Nefndin vill því endurtaka tilmæli allsherjarnefndar Nd. 1921 í samskonar máli, um að »ríkisstjórnin gefi út auglýsingu, þar sem ákveðið sje, fyrir hvaða tíma á árinu skuli sótt til ráðuneytisins um veitingu ríkisborgararjettar«. Ætti þá sennilega að búa til eyðublöð undir slíkar umsóknir, svo að umsækjendur viti fyrirfram, hverjar skýrslur gefa þarf. En umsóknir þær, er til greina eru teknar, eru svo lagðar fyrir Alþingi í stjórnarfrumvarpi.

Með þessum athugasemdum leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Jón Magnússon, form., frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.